

Nd.

521. Frumvarp til laga

[122. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1973.

(Eftir 2. umr. í Nd., 4. apríl.)

Samhljóða þskj. 170 með þessum breytingum

1. gr. hljóðar svo:

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini að fjárhæð allt að 350 millj. kr., en jafnframt falla niður 140 millj. kr. af heimild í 1. gr. laga nr. 26/1972.

7. gr. hljóðar svo:

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka erlent eða innlent lán að jafnvirði allt að 150 millj. kr. Af þeirri fjárhæð verði varið 100 millj. kr. vegna kostnaðarauka við framkvæmdir á vegum Rafmagnsveitna ríkisins samkvæmt þessari áætlun, eftir því sem þörf gerist, og 50 millj. kr. vegna væntanlegrar samtengingar raforku milli Norður- og Suðurlands, ef fé skortir til nauðsynlegra rannsókna eða nauðsynlegt reynist að kaupa efni, þannig að framkvæmanlegt verði að hefja byggingu línunnar árið 1974.

10. gr. hljóðar svo:

Lánsfé því, sem aflast með sölu ríkisskuldabréfa eða spariskírteina skv. 1. gr., með endurgreiðslu af áður útgefnum spariskírteinalánum, með sölu happdrættis-skuldabréfa skv. 5. gr. og fyrri heimild, með P.L. 480 láni skv. 6. gr., með erlendri lántöku skv. 8. gr. og með tækjakaupalánum skv. 9. gr., skal verja sem hér segir:

	Millj. kr.
Rafmagnsveitur ríkisins, framkvæmdir	240
Rafmagnsveitur ríkisins, lenging lána	10
Laxárvirkjun	80
Stofnlína Norður- Suðurland	13
Sveitarafvæðing	110
Orkustofnun, vatnsorkurannsóknir	20
Orkustofnun, jarðhitarannsóknir	23
Orkustofnun, jarðhitaleitarlán	4
Orkustofnun, jarðboranir	6
Skeiðarársandsvegur	230
Aðrir vegir á vegáætlun	75
Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi	65
Landshafnir	19
Radíó-vitar, tækjakaupalán	8
Norðurlandsáætlun, hafnir og flugvellir	42
Flugöryggismál	11
Lögreglustöðin í Reykjavík	19
Rannsóknastofnanir á Keldnaholti	9
Blævardalsárvirkjun	4
Halli á framkvæmdaáætlun 1972	30
	<hr/>
	1018
Til Framkvæmdasjóðs Íslands	150
	<hr/>
	1168